STJÓRNARTÍÐINDI B 35 – 2001

28. mars 2001 617 Nr. 271

AUGLÝSING

um gildistöku reglna um flugrekstur sem byggjast á JAR-OPS 1.

Samgönguráðherra hefur ákveðið, á grundvelli heimilda 145. gr. og ákvæða IX. kafla laga um loftferðir nr. 60/1998, að þann 1. október 2001 skuli reglur um flugrekstur JAR-OPS 1, taka gildi gagnvart íslenskum flugrekendum sem reka flugvélar í flutningaflugi með minni heildarflugtaksmassa en 10 tonn og/eða eru ætlaðar til flutnings á 19 farþegum eða færri. Reglur þessar voru unnar á vettvangi Flugöryggissamtaka Evrópu JAA.

Reglur þessar hafa verið birtar á Íslandi sem fylgiskjal með auglýsingu nr. 171/1998 og vísast til hennar um efni þeirra.

Flugrekendur sem í hlut eiga skulu hefja undirbúning að gildistöku þessara reglna. Þegar er heimilt að taka upp í flugrekstrarhandbækur, sbr. 11. kafla reglugerðar um flutningaflug nr. 641/1991 með síðari breytingum, ákvæði einstakra kafla úr reglunum, sbr. augl. nr. 191/1997, í því skyni að auðvelda aðlögun að þessum þætti í gildistöku reglnanna þann 1. október nk.

Hlutaðeigandi flugrekendur skulu fyrir 1. júlí nk. leggja inn til flugöryggissviðs Flugmálastjórnar Íslands, drög að nýjum flugrekstrarhandbókum til yfirferðar. Rekstrarheimildir gefnar út á grundvelli nýrra handbóka skulu tímabundnar til 31. maí 2002. Á því tímabili skulu flugrekendur sýna fram á að flugrekstrarhandbók sé virkt stjórntæki og að reksturinn sé í samræmi við ákvæði hennar.

Að lokinni fullnægjandi úttekt Flugmálastjórnar Íslands sem gerð skal fyrir 1. júní 2002 gefur stofnunin út skírteini á grundvelli reglna JAR-OPS 1, sem í upphafi skulu gilda í eitt ár.

Samgönguráðuneytinu, 28. mars 2001.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Gutenberg